

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/81**  
**komudagur 9.11.2009**

Alþingi - nefndarsvið  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2009

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga, III. Kafla, þingskjal 17.

Formanni dýraverndarráðs gafst kostur á að sitja fund nefndarinnar 5. nóvember s.l. og koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónusut við dýr og er þakkað fyrir það. Fyrirhugaðar breytingar koma fram í þingskjali 17, sem er frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.

Eins og fram kom á fundinum leggur udnirrituð til, f.h. dýraverndarráðs, þrjár eftirfarandi breytingar og varða:

III. KAFLI  
**Breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr,  
nr. 66/1998, með síðari breytingum.**

38. gr.

Í 12. gr. laganna verði bætt við “dýravelferð” í 1. mgr. og orðast hún þá svo:

Til að tryggja **dýravelferð** og almenna þjónustu við dýraeigendur skal dýralæknir jafnan vera á bakvakt .....

39. gr.

Í 13. gr. laganna verði bætt við “dýravelferð” og “innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara” í 1. mgr. og orðast hún þá svo:


Í því skyni að tryggja **dýravelferð** og dreifðum byggðum reglubundna dýralæknaþjónustu og bráðþjónustu skal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra **innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara** setja reglugerð .....

**Greinargerð:**

Dýraverndarráð leggur áherslu á að löggjafinn tryggi þjónustu dýralækna á grundvelli dýravelferðar, ekki eingöngu út frá hagsmunum dýraeigenda.

Dýraverndarráð getur tekið undir áhyggjur Dýralæknafélags Íslands um að hætta sé á að dýralæknar hverfi frá núverandi störfum sínum sem til stendur að leggja niður eða breyta, vegna óvissu um hvað taki við. Því er lagt til að setja inn ákvæði í lagatexta þess efnis að reglugerð skuli liggja fyrir innan tiltekins tíma frá gildistöku laganna. Þannig verði reynt að koma í veg fyrir dýralæknisleysi í dreifðari byggðum vegna óvissu. Hætt er við að erfiðara verði að fá nýtt fólk til starfa í dreifbýlinu frekar en að halda þeim sem þegar eru á staðnum með fjölskyldur sínar.

Viðingarfyllst,



Sigurborg Daðadóttir

formaður dýraverndarráðs

Umhverfisstofnun, Suðurlandsvegi 24, 108 Reykjavík